

Silfrastöðum, 23. mars 2020

Efni: Leiðbeiningar vegna COVID-19

Almannavarnir hafa lýst yfir neyðarstigi vegna heimsfaraldurs COVID-19 veirunnar. Hreppsnefnd Akrahrepps fylgist vel með þróun faraldursins, ásamt leiðbeiningum og fyrirmælum landlæknis, sóttvarnalæknis og almannavarna og hvetur alla íbúa sveitarfélagsins til þess að gera hið sama.

Ekki verða haldnir fundir nefnda og hreppsnefndar nema nauðsyn krefji og skal þá notast við fjarfundarbúnað skv. lagafrumvarpi um heimild sveitarstjórna til þess að halda fjarfundum. Það voru því ákveðin tímamót í dag þegar hreppsnefndin hélt óformlegan fjarfund til þess að ræða stöðuna og það sem má búast við á næstu vikum.

Rekstur lykilþjónustu á borð við rekstur skóla og leikskóla, heimahjúkrun, eldvarnir, sjúkraflutninga, rekstur veitna og fleira sem sveitarfélögin bera ábyrgð á, er á vegum Svf. Skagafjarðar og annarra stofnana. Er vísað til viðbragðsáætlanar og aðgerðaáætlunar viðkomandi sveitarfélags eða stofnana varðandi órofin rekstur þeirrar þjónustu.

Rekstur heimaþjónustu og félagsmálaþjónustu er á höndum Akrahrepps. Leitast verður við að sinna allri nauðsynlegri þjónustu í samráði við þiggjendur þjónustunnar. Skert og breytt þjónusta verður í dagdvöl aldraðra, haft hefur verið samband við alla gesti og fundinn flötur á breyttri þjónustu. Í einhverjum tilfellum fer þjónusta fram á heimili viðkomandi.

Aðgerðastjórn Almannavarna (AST) fyrir Norðvesturland samhæfir og stýrir aðgerðum í umdæminu á meðan þrjár vettvangsstjórnir (VST) stýra aðgerðum á hverju svæði fyrir sig og framkvæma skipulag og ákvarðanir AST. VST í Skagafirði hefur enn ekki verið virkjuð. Hreppsnefnd Akrahrepps fær daglega stöðuskýrslu frá AST og verður í góðum samskiptum við VST og Rauða krossinn í Skagafirði ef og þegar nauðsyn krefur. Rauði Krossinn kemur m.a. að aðstoð við samfélagsþjónustu í samráði og samvinnu við sveitarfélögin. **Er þá vert að nefna að þeir sem ekki eiga heimangengt til þess að nálgast nauðsynjavörur og lyf og þurfa aðstoð, eru beðnir um að hafa samband í síma 626-1016 (Hrefna).**

Hreppsnefnd Akrahrepps hvetur bændur til þess að gera **viðbragðsáætlun fyrir bú í rekstri** en tryggja þarf órofinn búrekstur komi til veikinda. Ráðgjafarmiðstöð Landbúnaðarins hefur gert sniðmát fyrir mismunandi bú og má nálgast sniðmát viðbragðsáætlana á heimasíðunni www.rml.is. Sé slík áætlun til staðar getur afleysingamaður gengið inn í dagleg störf án þekkingar á viðkomandi búi eða með aðstoð bónda. Búnaðarsamböndin hafa verið að safna upplýsingum um aðila sem eru tilbúnir að leysa af ef veikindi hamla því að fólk komist í gegningar.

Á tímum sem þessum er mikilvægt að allir geri það sem þeir geta. Öflugar forvarnir eru mikilvægar og ekki má gleyma að huga að andlegri heilsu einnig og njóta samvista og samskipta við vini og vandamenn eins og hægt er. Við búum á Sturlungaslóð en lifum á tækniöld og þurfum því ekki að einangrast. Nú er rétti tíminn til að heyra í fólkinu sínu!

Ef einhverjar spurningar vakna um þjónustu eða ef einhver þarf á þjónustu að halda, þá er velkomið að hringja í síma 626-1016 (Hrefna).

F.h. hreppsnefndar

Hrefna Jóhanneslöttur

ÖRUGG SAMSKIPTI FYRIR HELSTU ÁHÆTTUHÓPA Á TÍMUM COVID-19

FYRIR ELDRA FÓLK (60+) OG FÓLK MEÐ UNDIRLIGGJANDI SJÚKÓMA

Kórónuveiran COVID-19 smitar fólk á öllum aldri. Tveir hópar virðast þó í meiri hættu en aðrir: Fólk eldra en 60 ára og fólk með undirliggjandi sjúkdóma. Þar má nefna hjarta- og æðasjúkdóma, sykursýki, öndunarfærasjúkdóma og krabbamein. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin WHO hefur nú gefið út þessar leiðbeiningar fyrir áhættuhópana tvo.



Þegar tekið er á móti gestum eða verið í öðrum samskiptum við fólk er ráðlagt að miða við 2 metra fjarlægð og að heilsa án snertingar: brosa, veifa, kinka kolli eða hneigja sig.



Biðið gesti og sambýlisfólk að þvo sér um hendurnar.



Þrifið reglulega og sótthreinsið yfirborð á heimilinu, sérstaklega það sem fólk snertir mikið.



Ef einhverjum á heimilinu líður ekki vel, sérstaklega ef visbendingar eru um COVID-19, er ráðlegt að fækka sameiginlegum rýmum.



Ef fólk veikist og hefur COVID-19 einkenni hringið þá í heilsugæsluna, 1700 eða hafið samband við netspjall Heilsuvera.is. Ekki mæta beint á heilsugæsluna.



Hafið tilbúna áætlun til að afla ykkur nauðsynlegra lyfja og matvæla ef þörf krefur. Ræðið við fjölskyldu, vini, nágranna eða félagsamtök og fullvissið ykkur um aðstoð þeirra.



Á almannafæri er ráðlegt að fylgja sömu varnaðarráðum og heima. Beitum handþvotti þar sem hægt er og notum annars spritt.